

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir kirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir 60. kirkjuþing 2020-2021)

Flutt af fjárhagsnefnd

Frsm. Gísli Jónasson

1. gr.

3. mgr. 21. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Leiga prestssetra í eigu kirkjunnar skal ekki vera lægri en kr. 52.000 á mánuði og ekki hærri en kr. 108.000 og tekur sú fjárhæð breytingum árlega samkvæmt neysluvísitölu. Um leigu fyrir aðrar eignir skal samið.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Á kirkjuþingi 2019 var samþykkt eftirfarandi breytingartillaga við starfsreglur um breytingu á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum:

Leiga prestssetra í eigu kirkjunnar á svæðum með gildistöluna 0,8 og 0,7 skal ekki vera lægri en kr. 52.000 á mánuði og ekki hærri en kr. 108.000 og tekur sú fjárhæð breytingum árlega samkvæmt neysluvísitölu. Um leigu fyrir aðrar eignir skal samið.

Þegar fasteignasvið biskupsstofu hóf vinnu við framkvæmd þessarar breytingar á kom í ljós að prestar njóta ekki jafnræðis við ákvörðun húsaleigu samkvæmt ofangreindri breytingu. Þeir prestar sem búa í húsnaði sem fellur ekki undir gildistöluna 0,7 og 0,8 þurfa að greiða 5% af fasteignamati íbúðarhússins og er þar um umtalsverða hækkun húsaleigu að ræða. Því hefur fjárhagsnefnd ákveðið að leggja til breytingu á 3. mgr. 21. gr. starfsreglnanna í þá veru að öll prestssetur lúti sömu reglu varðandi húsaleigugreiðslur og halda þannig hina almennu jafnræðisreglu í heiðri.